



Handbók GSS og starfsáætlun 2021

Stjórn GSS

Inngangur

Í handbók GSS kemur fram verkaskipting stjórnar og nefnda, starfsáætlanir 2021, stefnur GSS og starfslýsingar starfsmanna félagsins.

Handbókin er uppfærð árlega og birt á heimasíðu GSS, www.gss.is.

Stjórn og nefndir

Stjórn GSS 2021

Formaður: Kristján Bjarni Halldórsson

Varaformaður: Halldór Halldórsson

Ritari: Andri Þór Árnason

Gjaldkeri: Kristján Eggert Jónasson

Aðrir í stjórn:

Aldís Hilmarsdóttir, formaður mótanefndar

Dagbjört Hermundsóttir, formaður kynningar- og nýliðanefndar

Guðmundur Ágúst Guðmundsson, formaður vallarnefndar

Sylvía Dögg Gunnarsdóttir, formaður barna- og unglínganefndar

Varamenn í stjórn:

Guðmundur Ragnarsson, Hjalti Árnason, Róbert Óttarsson.

Verkaskipting stjórnar er með þeim hætti að formenn nefnda stýra starfi nefnda og annast þau mál er falla undir nefndirnar, sbr. lýsingu á nefndum aftar í skjalinu. Helstu hlutverk formanns, varaformanns, gjaldkera og ritara eru eftirfarandi.

Formaður og varaformaður

- Boða og undirbúa stjórnarfundir GSS. Boða og undirbúa aðalfund GSS.
- Eru fulltrúar GSS út á við, m.a. gagnvart sveitarfélaginu, GSÍ, UMSS, UMFÍ og fjölmiðlum.
- Sjá um samninga varðandi vinaklúbba
- Annast ráðningar starfsmanna
- Gera áætlun um viðhald húsnæðis í samráði við stjórn
- Gæta þess að áætlunum félagsins sé fylgt.
- Hafa umsjón með umsóknum um styrki
- Gera grein fyrir vali GSS á fulltrúum í íþróttamanni ársins hjá UMSS
- Sitja ársþing UMSS og formannþing GSÍ
- Ritstýra handbók GSS
- Ritstýra ársskýrslu GSS

Gjaldkeri

- Annast innheimtu félagsgjalda
- Annast gerð reikninga og greiðslu reikninga
- Umsjón með bókhaldi GSS
- Sjá um gerð ársskýrslu GSS
- Færa upplýsingar um ársreikning í Felix

Ritari

- Ritun fundargerða og varðveisla gjörðabókar
- Umsjón félagatals í golfbox, þ.m.t. skráning og afskráning félagsmanna.
- Færa upplýsingar um félaga í Felix.

Mótanefnd

Starf mótanefndar GSS felur í sér vinnu við undirbúning móta svo og umsjón með mótum hvort sem um innanfélagsmót eða opin mót er að ræða. Opin mót og innanfélagsmót eru mikilvæg félagslega og skila GSS tekjum sem styrkja starfsemi félagsins. Það er því nauðsynlegt að halda mót og reyna að tryggja það að framkvæmd móta sé með sóma.

Mótanefnd stendur fyrir innanfélagsmótum og opnum mótum sem haldin eru af GSS. Mótanefndin sér um Meistaramót GSS og Meistarakeppni í holukeppni. Mótanefndin sér um framkvæmd móta sem haldin eru í samstarfi við UMFÍ.

Mótanefnd 2021: Aldís Hilmarsdóttir form., Andri Þór Árnason, Hjalti Árnason, Pétur Björnsson, Ragnheiður Matthíasdóttir.

Starfsáætlun 2021:

- Meistaramót GSS 7. - 10. júlí
- Meistaramót GSS í holukeppni, hefst 20. Júní.
- Miðvikudagsmótaröð – Grána Bistró (10 mót)
- Opin mót:
 - KS (5. júní),
 - Lemon / Friðriksmót (20. júní),
 - Hlíðarkaupsmótið (17. júlí),
 - AVIS (24. júlí),
 - Advania (21. ágúst).
- 2 styrktarmót, eitt að vori og annað að hausti

Þar að auki eru mót sem eru ekki í umsjón mótanefndar:

Tiltektarmót 31. maí
Sólstöðumót um miðjan júní.
Kvennamót 3. júlí
Örlygsstaðabardagi (lokamót, í september).

Vallarnefnd

Hlutverk vallarnefndar GSS er að:

- Gera framtíðaráætlanir um framkvæmdir og endurbætur á golfvellingum og endurskoða áætlunina árlega.
- Styðja við starf vallarstjóra og starfsmanna vallarins.
- Gera áætlun um kaup og endurnýjun á véla og tækjakosti og annað er snýr að rekstri vallarins.
- Vera golfvallarhönnuði innan handar þegar ráðast á í stærri verkefni og gera kostnaðaráætlanir þar að lútandi. Vallarnefnd hefur þó á engan hátt ákvörðunarvald um framkvæmdir slíkra verka
- Gera tillögur um almennt útlit vallar sbr. auglýsingar og önnur skilti á vellingum.
- Sjá um að umhirða vallar sé til fyrirmyndar.
- Gera tillögur um nýtingu vallar með tilliti til álags og ástands vallar.
- Setja upp völinn fyrir stórmót, merkingar á vellingum verði gerðar í samráði við dómara GSS.
- Að hafa eftirlit með að framkvæmdir verkefna sem heyra undir málaflokkinn séu innan marka samþykktra áætlana.
- Skipuleggja sjálfboðaliðastarf meðal félagsmanna, þar sem mönnum gefst kostur á að vinna að snyrtingu og lagfæringum á vellingum. Áætlað er að sjálfboðaliðastarf GSS fari fram tvisvar á ári, að vori og að hausti.

Vallarnefnd 2021: Guðmundur Ágúst Guðmundsson form., Guðmundur Þór Árnason vallarstjóri, Magnús Helgason, Rafn Ingi Rafnsson, Þórður Karl Gunnarsson.

Starfsáætlun 2021:

- Minni viðhalds og endurbótaverkefni sem falla undir eðliegan rekstur vallarins og eru hluti af daglegum verkefnum vallarstjóra/vallarnefndar.
- Grisja trjágróður á bak við 3. flöt með það fyrir augum að auðveldara sé að taka lausn.
- Fylla upp í austastu glompuna á 7. braut.
- Gera (lagfæra) göngustíg frá 9. teig niður að braut.
- Setja upp skjólvegg eða runna milli æfingaflatar og bílastæða.
- Laga tjörn á 5. braut. Taka upp plast og gosbrunn. Hreinsa upp úr tjörninni og kaupa nýjan dúk í botninn. Ganga vel frá köntum, m.a. með því að raða fjörugrjóti ofan á jaðar dúksins.
- Kanna möguleika á stækkun vallar í 12 holur. Gera áætlun um framkvæmdir, þ.m.t. framkvæmdatíma, kostnað og fjármögnun. Kynna tillögu á fundi með félagsmönnum.
- Setja upp varanlegri teigmerkingar sem eru viðmiðunarpunktur mældrar lengdar. Þetta þarf að gera fyrir hvíta, gula, bláa og rauða. Sumir teigar eru sameiginlegir.

Barna- og unglinganefnd

Hlutverk barna- og unglinganefndar er að

- halda utan um og skipuleggja barna- og unglingastarf klúbbsins
- sinna mótahaldi fyrir börn- og unglunga
- sjá um samskipti og samstarf við þjálfara og foreldra
- skipuleggja fjáraflanir fyrir starfið
- styðja eftir föngum við bakið þjálfurum í því skyni að þeir megi ná sínum markmiðum.
- efla samstöðu unglunga og félagsanda
- halda úti sérstöku foreldraráði sem einblínir á félagslega viðburði, fjáraflanir vegna æfingaferða, aðstoðar við val á liðsbúningi ofl.
- skipuleggja æfingaferðir barna- og unglingahópa
- Sjá um samskipti og samstarf við barna- og unglinganefndir annarra golfklúbba,
- fjölga keppendum frá GSS á unglunga- og fullorðinsmótaröðum GSÍ
- efla samstöðu foreldra og fá fleiri til þátttöku í því að búa sér í lagi unglingunum gott atlæti við ástundun íþróttarinnar
- veita unglingum í GSS aðbúnað og atlæti sem jafnast á við það sem best gerist hjá öðrum golfklúbbum
- leita ráða til þess að fjölga stúlkum og drengjum sem leika golf, t.d. með heimsóknum í grunnskóla og bjóða þeim að heimsækja okkur þar sem boðið verður uppá kennslu og fræðslu um starfið

Unglinganefnd heldur úti sérstakri mótaröð fyrir börn og unglunga í GSS

Barna- og unglinganefnd 2021: Sýlvía Dögg Gunnarsdóttir form., Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir, Magnús Barðdal Reynisson, Margrét Helga Hallsdóttir, Sigríður Garðarsdóttir.

Starfsáætlun 2021:

- Vikulegar inniæfingar eldri hóps 18. febrúar – 15. apríl. Mánaðarlegar inniæfingar yngri hóps á sama tímabili.
- Vikulegar æfingar á útisvæði í maí.
- Sumaræfingar júní – ágúst. .
- Meistaramót barna og unglunga.
- Gert er ráð fyrir nokkrum heimsóknum PGA gestakennara í sumar.
- Mótahald: Nýprent mótið.
- Þátttaka í mótum, m.a. Íslandsmóti golfklúbba. Norðurlandsmótaröðin.
- Félagssandinn efldur. Speedgolf, haustferð, o.fl.
- Uppskeruhátíð.

Kynningar og nýliðanefnd

Markmið kynningar- og nýliðanefndar er að fjölga kylfingum í GSS og gera inngöngu í GSS áhugaverða.

Hlutverk kynningar- og nýliðanefndar er að

- Halda utan um nýliðastarfið.
- Skipuleggja námskeið fyrir nýliða þar sem farið er yfir golfreglur, umgengisreglur og verklegar æfingar.
- Standa fyrir mótum sem eru sérstaklega ætluð nýliðum og þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í íþróttinni, vanur/óvanur mót í lok nýliðanámskeiðs og gullteigamót fyrir þátttakendur í nýliðanámskeiði.
- Sjá um háforgjafarmót sem eru ætluð þeim sem eru með 30 eða hærra í forgjöf (vallarforgjöf) og eru haldin 10 mót yfir sumarið.
- Vinna að kynningu GSS, t.d. með því að gera starfið og árangur félagsins sýnilegri í fjölmiðlum.

Kynningar- og nýliðanefnd 2021: Dagbjört Hermundsdóttir form., Díana Dögg Hreinsdóttir, Erna Baldursdóttir, Guðrún Björg Guðmundsdóttir, Hafdís Skarphéðinsdóttir.

Starfsáætlun 2021:

- Nýliðanámskeið, 5 vikna námskeið sem hefst í byrjun júní.
- Þriðjudagsmótaröð, HardWok háforgjafarmót. 10 mót. Fyrsta mót í byrjun júní.
- Gullteigamót fyrir þátttakendur á nýliðanámskeiði.
- Vanur/óvanur mót. Halið við lok nýliðanámskeiðs.

Forgjafarnefnd

Forgjafarnefnd heldur utan um öll forgjafarmál GSS og skilar árlega skýrslu til stjórnar.

Forgjafarnefnd 2021: Rafn Ingi Rafnsson form., Halldór Halldórsson.

Aganefnd

Aganefndar fjallar um brot félagsmanna gegn reglum GSS og ákveður viðurlög við þeim. Nefndin fjallar ekki um brot sem varða annað en golfleik og beinast á einhvern hátt að GSS eða starfsmönnum félagsins; stjórn fjallar um slík brot. Nefndin skal gæta ítrasta hlutleysis við meðferð agabrota. Hún skal fjalla um mál og afgreiða þau eins fljótt og auðið er án þess þó að það komi niður á gæðum úrskurða.

Aganefnd 2021: Halldór Halldórsson form., Reynir Barðdal, Stefán Pedersen.

Liðsstjórar (sveitarstjórar)

Liðsstjórar stýra liðum GSS sem keppa á Íslandsmótum golfklúbba eða öðrum mótum. Liðsstjórar barna- og unglingsveita eru þjálfarar GSS sem starfa í samvinnu við barna- og unglinganefnd. Stórn GSS tilnefnir liðsstjóra liða sem keppa í fullorðinsflokkum.

Liðsstjóri velur liðið og sér um almennt ut anumhald um hópinn fyrir og í keppni. Hann ákveður hvaða leikmenn spila í hverri umferð.

Liðsstjóri kvennasveitar GSS árið 2021: Árný Lilja Árnadóttir

Liðsstjóri karlasveitar GSS árið 2021: Hjörtur Geirmundsson

Starfsmenn GSS

Vallarstjóri

Vallarstjóri GSS er Guðmundur Þór Árnason.

Umsjón með Hlíðarendavelli, golfskála, æfingasvæði, vélageymslu, inniaðstöðu að Borgarmýri 2 og tækjum og áhöldum í eigu Golfklúbbs Skagafjarðar.

Almenn umhirða golfvallar, þ.m.t. sláttur, snyrting trjáa, almennt viðhald tækja og áhalda í eigu GSS og annað sem til fellur við daglegan rekstur golfvallar.

Umsjón/eftirlit með golfskála á Hlíðarendavelli og inniaðstöðu að Borgarmýri 2 (allt árið). Umsjón með slætti sem GSS hefur samið um við Svf. Skagafjörð og aðra og dagleg samskipti við verkkaupa.

Vallarstjóri starfar allt árið.

Vallarstarfsmenn

Almenn umhirða Hlíðarendavallar, þ.m.t. sláttur og snyrting trjáa. Sláttur á svæðum sem GSS hefur samið um slátt á fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð. Næsti yfirmaður er vallarstjóri. Vallarstarfsmenn eru sumarstarfsmenn.

Íþróttastjóri

Atli Freyr Rafnsson

Íþróttastjóri annast þjálfun barna og unglinga ásamt því að sinna almennum félagsmönnum.

Íþróttastjóri er yfirþjálfari GSS. Hann skipuleggur komur gestaðþjálfara og starfar með þeim við þjálfun.

Hann starfar náið með barna og unglinganefnd.

Verslunar- og þjónustustjóri.

Karen Owolabi

Helstu störf eru: standsetning skála í upphafi sumars, mönnun vakta, leiðbeina þeim sem taka vaktir, innkaup, samskipti við birgja, uppgjör, almenn afgreiðsla, þrif, aðstoð við félagsmenn vegna golfbox á opnunartíma, samskipti við stjórn GSS. Skálastjóri sér um að útvega sjálfbóðaliða á vaktir eða manna starfsmenn á launaðar vaktir. Skálastjóri er sumarstarfsmaður.

Áætlanir og stefnur

Jafnréttisstefna

Áhersla skal lögð á að fá iðkendur af báðum kynjum til þátttöku í golfíþróttinni, sérstök áhersla verður lögð á að finna þær leiðir sem verða til þess að stúlkur ílengist við golfiðkun bæði í keppnisgolfi og við almennan golfleik. GSS mun kom til móts við kröfur beggja kynja til íþróttaiðkunnar, bæði kyn njóta sömu aðstöðu til fjármagns, þjálfunnar, félsgjalda, aðstöðu og félgsstarfs.

Jafnræðis skal gætt milli þjálfara og iðkenda óháð kyni aldri og kynþætti.

Almennt leitast GSS við eftir bestu getu að fylgja almennum kröfum og reglum í jafnréttismálum.

Eineltisstefna

GSS stuðlar að góðri andlegri og líkamlegri vellíðan iðkenda og félagsmann sinna og mun ekki líða einelti á starfssvæði klúbbsins. Þjálfari fer yfir bækling ÍSÍ um einelti og sameiginlega er farið yfir þær leiðir sem æskilegt er að vinna eftir til að fyrirbyggja eineldi.

Siðareglur

GSS er aðildarfélag UMSS og fylgir siðareglum þess og viðbragðsáætlun. Markmið siðareglna er að stuðla að bættri framkomu og styðja metnaðarfulla og heiðarlega framgöngu allra, en einnig að efla traust og fagmennsku út á við sem og inná við. Gengið er út frá því að allir iðkendur, þjálfarar, foreldrar, starfsfólk kynni sér siðareglurnar og fari eftir þeim. Brot á sérmerktum siðareglum eru álitin agabrot og viðurlög við þeim í samræmi við viðbragðsáætlun UMSS. Siðareglur UMSS og viðbragðsáætlun er á vefslóðinni <https://www.umss.is/is/sidareglur-umss>

Vímuvarnir

Íþróttahreyfingin gegnir mikilvægu hlutverki í vímuvörnum. Rannsóknir á högum barna og ungmenna sýna að þeim ungmönnum reiðir betur af og neyta síður vímuefna sem eru virk í íþróttastarfi. Einnig sýna rannsóknir að neysla vímuefna og tóbaks hafa mjög skaðleg áhrif á árangur í íþróttum. Félagið vill efla enn frekar vímuvarngildi íþróttta með því að taka skýra afstöðu gegn neyslu í tengslum við íþróttir. Í þessari stefnuyfirlýsingu er talað um vímuefnaneyslu og er þá átt við neyslu áfengis og annarra vímuefna.

Það er mikilvægt að GSS sé trúverðugt í fræðslu- og forvarnarstarfi þar sem árangur í íþróttum og áfengis- og tóbaksneysla fer ekki saman. GSS fræðir iðkendur sína, bæði börn og unglunga um

skaðsemi vímuefna auk þess að fræða iðkendur um lyfjamál og bendi þeim á þær hættur sem geta fylgt lyfjanotkun.

Félagið er andvígt allri neyslu tóbaks og vímuefna allra iðkenda sem æfa hjá félaginu undir handleiðslu þjálfara þess. Öll neysla tóbaks og vímuefna er bönnuð í tengslum við æfingar og keppnir á vegum félagsins. Það sama á við um æfingaferðir á vegum félagsins.

